

AUGLÝSING

um samþykkt breytingar á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi sem hér segir:

Lynghóll, landnr. 125346:

Breytingin felur í sér að byggingarreitur stækkar til norðurs. Stærð byggingarreits fyrir breytingu er 732,4 m², verður eftir breytingu 1.066 m². Hámarksstærð frístundahúss verður 130 m² í stað 70 m². Hámarksstærð áhaldahúss verður 70 m² í stað 20 m². Hámarksbyggingarmagn verður 200 m² í stað 90 m².

Ofangreindar breytingar á deiliskipulagi hafa hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 18. júní 2018,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 19. júní 2018